

Stjórnarfundur FNS

Fundargerð

Föstudaginn 16. mars, kl. 15:00 á Oddsson

Mættar: Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Helga Tryggvadóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

Dagskrá:

1. PR mál. Upplýsinga- og kynningarnefnd.

a. Það þarf að klára samning vegna HÍ, félagið fær greiðslu upp á 280.000 kr. Ingibjörg hefur samband við HÍ til að ganga frá þessu.

b. Ingibjörg og Systa eru búnar að ganga frá skjalinu sem á að fara á félagsmenn

2. Námskeiðið hans Norm Amundson verður 5. apríl – í dag hafa 76 félagsmenn skráð sig. Það verður aðeins hægt að greiða á námskeiðið í formi millifærslu. Mögulega eiga fleiri eftir að skrá sig.

3. Ráðstefna IAEVG 2018 Gautaborg, Staðan er sú að 26 eru skráðir. Margrét sendir póst til að athuga hvenær dagskráin verður tilbúin svo hægt sé að athuga með styrki frá stéttarfélagunum.

4. SEF styrkur fyrir sumarnámskeiðum samþykktur. Framvegis sá um styrkumsókn og mun sjá um skráningu á námskeiðið, hýsingu og annað utanumhald. Námskeiðið verður 4. júní. Kristín Birna hefur samband við fyrirlesarann.

5. Stefnumótunarmál. Óskað var eftir fundi með nýjum ráðherra MMR 12. feb enn hefur ekkert svar borist. Ítrekun verður send í næstu viku. Ingibjörg og Helga Tryggva eru til í að vinna áfram í þessari nefnd. Ingibjörg ætlar að ræða við tvo aðra félagsmenn um að koma inn í verkefnið.

6. NFSY

a. Búið hefur verið til verklag vegna greiðslna til einstaklinga í nefnd NFSY? Samþykkt af stjórn.

Verklagið er eftirfarandi:

Vegna formennsku Íslands í NFSY.

Skv. reglum NFSY greiðir félagið ferða-, gisti-, og fæðiskostnað fyrir einn stjórnarmeðlim frá hverju landi í tengslum við aðalfund í apríl og stjórnarfund í október. Ísland fer með formennsku í félaginu frá árinu 2017-2020 og á þeim tíma munu tveir fulltrúar úr norrænni nefnd FNS sitja í stjórn NFSY og sitja þar með stjórnarfundum NFSY sem haldnir verða að mestu á Íslandi. Til að skilgreina hvaða reglur gilda um kostnað hefur stjórn FNS samþykkt eftirfarandi reglur.

FNS greiðir ferða- og gistikostnaður á aðalfund NFSY í apríl og stjórnarfund í október fyrir einn stjórnarmann NFSY, þ.e. þann aðila sem ekki fær greiddan kostnað frá NFSY. Sá hinn sami þarf einnig að sitja í norrænni nefnd FNS. Þessi regla á við á meðan á formenskutímabili Íslands sendur frá árinu 2017-2020.

FNS greiðir fæðiskostnað fyrir einn stjórnarmann NFSY á fundadegi og ferðadögum þannig að félagsmaður þurfi ekki að leggja sjálfur út fyrir þessum kostnaði. Áfengir drykkir og skemmtun er ekki greidd.

7. Aðalfundur 2017. Þær sem halda áfram eru Helga Lind, Systa, Svanhildur, Helga Tryggva, Hildur Katrín og Margrét, Ingibjörg hættir. Aðalfundur 9. maí. Stefnt á að halda hjá Mími á Öldugötunni.

8. Annað

a. Hugbúnaður fyrir námsráðgjafa, sjá fylgiskjal. Skoðum málið aftur í haust, Ingibjörg sendir á hann póst og segir að við höfum áhuga en getum ekki annað því núna.

b. Staða, hlutverk og markmið lýðháskóla á Íslandi, svar fyrir 30/3 (komin áminning). Margrét og Helga Lind klára þetta í næstu viku.

c. Stefnumótun námsbrautar náms og starfsráðgjafar Gerður G. Óskars. Þurfum að hafa fund með Sif og kennurum, við þurfum að finna fundartíma.

d. Umsögn um 62. mál frá nefndsviði Alþingis frá Félagi framhaldsskólakennara, FF/ KÍ:

Sálfræðipjónusta í framhaldsskólum. Sent 13. mars 2018 á Steinunni hjá KÍ.

e. Uppskeruhátið útskriftarnema verðu 17. apríl. Við sjáum um að auglýsa, setja hátíðina og sjá um veitingar.

Fundi slitið 17:40

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir